

Lokafundur Betadeildar haldinn föstudaginn 15. maí 2015 kl. 19:00 í Austurbyggð 4 á heimili Þorgerðar

Mættar voru 17 konur og 1 gestur

1. Setning fundar

Þorgerður bauð konur velkomnar á sitt heimili og síðan tók Aníta varaformaður við og setti fund og Ragnheiður Sig. kveikti á kertunum. Aníta flutti kveðjur frá fjarstöddum konum. Guðbjörg M. Sveinsdóttir, fráfaramaður landssambandsforseti, var í beinu sambandi í gegnum síma og sagði okkur frá nýrri stjórn og nefndi Eygló sérstaklega sem er nýkosinn forseti samtakanna og sagði einnig frá nýafstöðnu þingi. Þá ræddi hún um hlutverk okkar í DGK og nefndi að við mættum gjarnan vera sýnilegri, auglýsa samtökin betur og nota facebook síðu DKG og alþjóðasíðuna í sambandi við styrki.

2. Orð til umhugsunar

Þorgerður Sigurðardóttir ræddi um listaverkið í Feneyjum – íslenska skálann sem var útbúinn sem moska og leiddi síðan talið að múslimum og hvernig þeim gengur að lifa í hinum vestræna heimi og hvernig trúarbrögðin virka á unglinga, nefndi feðraveldið og ofbeldið. Hún las síðan nokkur ljóð úr bókinni *Yahya Hassan ljóð* eftir samnefndan höfund, sem býr í Danmörku. Hann er ríkisfangslaus Palestínumaður með danskt vegabréf, fæddur 1995. Þessi ljóðabók vakti gríðarlega athygli þegar hún kom út 2013, því þar koma ofbeldi og feðraveldi glöggt fram.

3. Fundargerð

Ragnheiður Sig. las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða.

4. Erindi frá stjórn

Aníta ræddi niðurstöður frá síðasta fundi um hvernig deildin geti komið meira út í samfélagið og sagði að stjórnin hefði ákveðið að skoða markmið samtakanna og ákveðið að styrkja frekar konurnar í deildinni sjálfri. Hugmynd væri að fá Jóninu, okkar konu, til að segja frá ferð er hún fór ásamt fleiri konum til Mexíkó. Einnig sagði hún frá fundi sem stjórn Mýdeildar óskaði eftir með stjórn Betadeildar. Þar voru þær í Mýdeild að óska eftir meira samstarfi við Betadeild. Nefnt var að halda hátíðlegan dag kennara sem er 5. október og fá þá tvær til þrjár konur frá hvorri deild í undirbúning. Hafa lágstemmt í byrjun en síðar mætti leggja meira í. Einnig var rætt að deildirnar gætu sameinast ef fenginn yrði fyrirlesari utan svæðisins. Þá tilkynnti hún að Guðrún H. Björnsdóttir hefði sagt sig úr Betadeild, en hún er flutt í Kópavog. Þá nefndi Aníta að huga þyrfti að nýjum félögum og helst að taka inn tvo saman. Bað félagskonur að hafa augun opin og einnig mætti líta til næstu nágrannabæja. Stefnt er að kynningu á nýjum félögum á fyrsta fundi vetrar. Aníta las síðan upp starfsskýrslu síðasta árs fyrir hönd Bjarkar formanns.

5. Önnur mál

Eygló og Þorgerður sögðu frá Landssambandsþinginu í Reykjavík er þær sóttu á dögum. Eygló fékk síðan blómvönd og árnaðaróskir í tilefni þess að hún var kjörin landssambandsforseti DKG og erum við Betakonur mjög stoltar af því. Margrét Kristín kynnti lyklakippur frá samtökunum sem kosta 2000 kr. og spil sem kosta 1500 kr. og verður hægt að kaupa þetta hjá henni.

6. Inntaka nýrra félaga

Hugrún Sigmundsdóttir, leikskólastjóri á Krummakoti Hrafnagili, var tekin inn í Betadeild í fallegri athöfn og var hún föðmuð og kysst að því loknu. Hugrún sagði nokkur falleg orð og þakkaði fyrir sig.

Ákveðið var að pyngjan góða skyldi látin ganga á veitingastaðnum Strikinu en þangað var ferðinni heitið eftir fund.

Að lokum þakkaði Aníta Þorgerði fyrir húsaskjól og færði henni rós, tákn samtakanna, slökkti á kertum og sleit fundi kl. 20:40.

Ragnheiður Sigurðardóttir, ritari.